

Meginmarkmið áhættustefnu er að tryggja að Orkuveita Reykjavíkur geti sinnt grunnhlutverki sínu á sem hagstæðastan máta með lágmarksáhættu. Þetta gerir OR með því að:

- draga úr sveiflum í afkomu samstæðunnar á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum og að áhættuþættir séu ávallt innan skilgreindra marka sem stjórnin setur og er skráð í áhættuhandbók. Mynd að neðan tilgreinir helstu áhættuþætti í samstæðu OR.
- tryggja að OR hafi nægt fé til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi
- stuðla skal að því að OR hafi aðgang að fjölbreyttri fjármögnun frá mörgum fjármálastofnunum og treysta ekki um of á eina tegund fjármögnunar umfram aðra

Stjórn felur áhætturáði að framfylgja áhættustefnu í rekstri OR og innan marka sem sett eru í áhættuhandbók. Breytingar á mörkum krefjast samþykktar stjórnar OR.

Áhættustefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

Tilvísanir:

[VLT-001](#): Áhættuhandbók

ÁHÆTTUR Í REKSTRI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

	Kjarnaáhætta	Markaðsáhætta	Lausafjáraáhætta	Mótaðilaáhætta	Rekstraráhætta
Heiti					
Skilgreining	<p>Fylgir alltaf kjarna- starfsemi OR</p> <p><i>Áhætta tengd hita-, vatns-, rafmagns-, frá- og gagnaveitu</i></p> <p><i>Áhætta við orkufram- leiðslu og -sölu</i></p> <p><i>Samkeppni á kjarnasviðum</i></p>	<p>Áhrif markaðsveiflna á fjárhagslegan styrk OR</p> <p><i>Gengissveiflur</i></p> <p><i>Erlent og innlent vaxtastig</i></p> <p><i>Verðlagsþróun</i></p> <p><i>Vaxtaálag</i></p> <p><i>Verð á áli</i></p>	<p>Geta OR til að mæta skuldbindingum</p> <p><i>Rekstrarútgjöld</i></p> <p><i>Afborganir af lánum</i></p> <p><i>Fjárfestingar</i></p> <p><i>Samsetning eignasafns</i></p>	<p>Áhrif hugsanlegra van- skila viðskiptavina á OR</p> <p><i>Stærð einstakra viðskiptavina</i></p> <p><i>Einsleitir hópar viðskiptavina</i></p> <p><i>Innheimtuúrræði og endurheimtur</i></p>	<p>Áhrif áfalla og ófyri séðs tjóns á fjárhag OR</p> <p><i>Bilanir</i></p> <p><i>Slys og eldsvoðar</i></p> <p><i>Eitrun og mengun</i></p> <p><i>Mistök og svik</i></p> <p><i>Regluverk og lögsóknir</i></p> <p><i>Náttúruvá</i></p>
Markmið	<p>Kjarnaáhætta fylgir kjarnastarfsemi OR</p>	<p>Fjárhagslegum áhættum skal stýrt</p>			<p>Dregið skal úr rekstrar- áhættu.</p>

Kjarnastarfsemi er skilgreind í eigendastefnu OR. OR er þjónustu- og framleiðslufyrirtæki á sviði orkuframleiðslu- og dreifingar og rekur einnig fráveitu- og gagnaflutningskerfi ásamt fleiru.

Kjarnaáhætta er sú áhætta sem fylgir kjarnastarfsemi OR. Sú grunnþjónusta sem OR veitir er að ýmsu leyti stöðugur rekstur en dæmi um kjarnaáhættu OR er þróun orkuverðs til langs tíma. Kjarnaáhætta mótast af langtímastefnu OR og stendur að mestu leyti utan áhættustýringar frá degi til dags en er mjög mikilvægt viðfangsefni við stefnumótun, nýfjárfestingar o.s.frv.

Áhættuhandbók OR lýsir heildarsýn og meginmarkmiðum stjórnar OR við takmörkun áhættu fyrir utan kjarnaáhættu. Áhættuhandbók skilgreinir tegundir áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt aðferðum og markmiðum.

Áhættuhandbók er ítarleg útfærsla á áhættustefnunni sem nýttist við rekstur OR frá degi til dags. Hún skilgreinir ferla, markmið, verksvið, ábyrgð og ýmsa mælikvarða nánar en gert er í áhættustefnunni og er ætlað að vekja starfsmenn til vitundar um áhættustýringu.

Áhættuskýrsla er lögð er fyrir stjórn á hverjum reglulegum fundi. Hlutverk hennar er að upplýsa um og meta áhættu í rekstri OR, fara yfir hvernig áhættustefnunni er fylgt eftir og hvernig áhættuþættir hafa þróast.